

**136. FUNDUR FRÆDSLUNEFNDAR SKAFTÁRHREPPS, HALDINN Á SKRIFSTOFU
SKAFTÁRHREPPS FIMMTUDAGINN 15. JANÚAR 2015 KL. 9:15**

MÆTT ERU:

AUÐBJÖRG BJARNADÓTTIR FORMAÐUR

SVERRIR GÍSLASON VARAFORMAÐUR

ARNDÍS HARÐARDÓTTIR

RAGNHEIÐUR HLÍN SÍMONARDÓTTIR OG

ÞORSTEINN M. KRISTINSSON Í STAÐ EYRÚNAR ELVARSDÓTTUR SEM BOÐAÐI
FORFÖLL.

FUNDARGERÐ ER TÖLVUSKRÁÐ AF RAGNHEIÐI HLÍN OG ER 3 BLAÐSÍÐUR AÐ
LENGD.

**Kl. 09:15-10:10. Fræðslunefnd – Heilsuleikskólinn Kærabær – Kirkjubæjarskóli á Síðu –
Tónlistarskóli**

Mætt eru: fyrir Kirkjubæjarskóla á Síðu: Kjartan Kjartansson skólastjóri, Karítas
Kristjánsdóttir fulltrúi kennara og Þórunn Edda Sveinsdóttir fulltrúi foreldra. Fyrir
Heilsuleikskólann Kærabæ: Þórunn Júlíusdóttir skólastjóri Heilsuleikskólans og Sunneva
Kristjánsdóttir fulltrúi foreldra. Fyrir Tónlistarskólann: Brian R. Haroldsson skólastjóri
tónlistarskólans.

1. Samstarf skólastofnanna.

Gott samstarf hefur verið á milli skólastofnana undanfarin misseri. Í vetur hafa elstu
nemendur Heilsuleikskólans Kærabæjar verið með 1. og 2. bekk í Kirkjubæjarskóla í
íþróttatímum og hefur það gefist vel og er góður undirbúningur fyrir komandi
skólagöngu. Forskóli verðandi 1. bekkinga hófst nú eftir áramótin, en þau koma þá í
skólaheimsókn einu sinni í viku, læra á skólaumhverfið og hitta umsjónarkennara.
Tónlistarnám nemenda fer fram á skólatíma þeirra sé þess óskað og er ómetanlegt fyrir
þá foreldra sem eiga um langan veg að sækja börn sín. Góð samvinna er á milli
skólastofnanna KBS, tónlistarskóla og leikskóla. Tónlistarkennsla fer fram í
Heilsuleikskólanum einu sinni í viku og fyrir kemur að yngstu nemendur í KBS séu
með í þeim tímum og eins koma þau aðeins í heimsóknir í leikskólann þar sem unnið
er með endurvinnslu o.fl. Leikskólastjóri nefnir að gott og gaman hafi verið þegar
samvinna leikskólanema og elstu nemenda í KBS hafi verið við vorverk í
matjurtargarðinum og leggur til að því samstarfi verði haldið áfram á komandi árum sé
þess kostur. Greinilegt er að gott samstarf er á milli skólastofnana og góður vilji
skólastjórnanda til að efla það enn frekar. Fræðslunefnd hvetur skólastjórnendur til

að halda vinnufundi í tengslum við gerð skóladagatala og frekari samvinnu. Auk þess munu verða haldnir tveir sameiginlegir fundir skólastjórnenda og fræðslunefndar á ári.

2. Öryggishandbækur fyrir leik- og grunnskóla.

Formaður Fræðslunefndar kynnir fyrir fundarfólki nýútkomnar Öryggishandbækur fyrir leik- og grunnskóla.

3. Sunnlenski skóladagurinn.

Hugmynd hefur komið upp um að halda sunnlenskan skóladag 27. Apríl 2016 þar sem öll skólastigin koma saman á einum samstarfsdegi, þar sem boðið verður upp á fyrirlestra, málstofur og sýningar. Hugmyndin leggst vel í fundarfólk og tekin ákvörðun um að formaður gangi frá svári.

4. Önnur mál.

- a. Sprotasjóður Mennta- og menningarmálaráðuneytis, auglýsir eftir umsóknum. Skólastjórnendur hvattir til að skoða hann.
- b. Innra mat, verður á dagskrá næsta fundar

Kl 10:10- 11:10 Fræðslunefnd - Heilsuleikskólinn Kæríbær

1. Starfsáætlun-Heilsuleikskólinn Kæríbær.

Þórunn leikskólastjóri fer yfir starfsáætlun fyrir Heilsuleikskólann Kærabæ. Hún lögð fram til kynningar og samþykktar. Samþykkt af Fræðslunefnd.

2. Handbók Heilsuleikskólans Kærabæjar.

Þórunn leikskólastjóri leggur fram til kynningar Handbók Heilsuleikskólans Kærabæjar.

3. Handbók starfsfólks Heilsuleikskólans Kærabæjar.

Þórunn leikskólastjóri leggur fram til kynningar Handbók fyrir starfsfólk Heilsuleikskólans Kærabæjar.

4. Ráðgjöf Skólapijónustu Rangárvalla- og Vestur – Skaftafellssýslu staða mála.

Svava Björk Jónsdóttir leikskólaráðgjafi og Sigríður A. Þórðardóttir talmeinafræðingur eru væntanlegar á Heilsuleikskólann mánaðarlega fram til vorsins til ráðgjafar og munu vera með auglýstan viðtalstíma yfir sína viðveru.

5. Umsókn um ytra mat til Námsmatsstofnunar.

Í svarbréfi frá Námsmatsstofnun dags. 12. Janúar 2015 hefur Námsmatsstofnun samþykkt beiðni um ytra mat Heilsuleiksskólans. Valdir voru úr 6 leiksskólar af 30 umsóknum úr 20 sveitarfélögum á landinu til ytra mats og mun ytra mat á Heilsuleiksskólanum Kærabæ hefjast haustið 2015. Mun matið fara fram á tímabilinu september-desember.

6. Önnur mál.

Starfsmannamál: Þrjú full stöðugildi eru við Heilsuleiksskólann í vetur. Auður Hafstað hefur sagt upp störfum og Þorbjörg Jónsdóttir mun hefja störf í hennar stað. Um er að ræða tímabundna ráðningu til vorsins í 70% stöðu. Sumarlokun verður í mánuð í sumar eins og verið hefur.

Rætt um miðlun upplýsinga á milli heimila og leiksskóla og hvernig heppilegast sé að koma boðum á milli svo að sem flestir viti hvað sé á döfinni framundan.

Almennt rætt um notkun miðlunar á samskiptamiðlum. Nauðsyn er að þagnarskylda starfsmanna sé virt og aðgát sé höfð þegar sett er inn efni á persónulegar síður.

Kl. 11:10 -11:30 Fræðslunefnd

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 11:30